

Föstudaginn 15. apríl 1988.

Nr. 86/1988. **Þórunn Guðbjörnsdóttir**
 gegn
Dvalarheimilinu Lundi

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Með kæru 10. mars 1988, er barst 17. s.m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 frávísunardóm aukadómþings Rangárvallasýslu 26. febrúar 1988 í máli sóknaraðila gegn varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili sækir í héraði kaupkröfu, sem reist er á kjarasamningi Alþýðusambands Suðurlands um kaup og kjör starfsfólks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum frá 21. júlí 1986. Telja verður almennum dómstólum rétt að meta öll atriði er kaupkröfuna varða og skýra að því leyti ákvæði greinds samnings. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 26. febrúar 1988.

Mál þetta sem tekið var til dóms eða úrskurðar 11. febrúar sl. er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu af Þórunni Guðbjörnsdóttur, Framnesi, Ásahreppi, nnr. 9777-6474 á hendur Jóni Þorgilssyni, Heiðvangi 22, Hellu, nnr. 5204-2763, stjórnarformaðni f.h. Dvalarheimilisins Lundar, Hellu nnr. 1644-8222, til greiðslu vangoldinna vinnulauna fyrir mánuðina desember

1986 til og með apríl 1987 að fjárhæð kr. 9.130,- auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 9.130,- með 27% ársvöxtum af kr. 1.812,- frá 1.1. 1987 til 1.2. s.á. og af kr. 3.624,- frá þeim degi til 1.3. s.á., 30% ársvöxtum af kr. 5.436,- frá þeim degi til 1.4. s.á., af kr. 7.283,- frá þeim degi til 1.5. s.á. og af kr. 9.130,- frá þeim degi til 1.6. s.á. en 33,6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.7. s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. s.á. og 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Stefndi hefur krafist þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og ennfremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara er krafist sýknu auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst að hann kveðst vera starfsmaður stefnda og hina umstefndu fjárhæð mismun mánaðarlauna skv. 5. þrepi 43. flokks í samningi Alþýðusambands Suðurlands um kaup og kjör starfsfóks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum sem hún hafi fengið greitt eftir og 6. þrepi 44. flokks sem stefnda hafi borið að greiða henni eftir. Hún kveður starfsaldur sinn hafa verið vanreiknaðan um eitt þrep þ.e. sem 5 ára starfsaldur í stað 7 ára og því til viðbótar hafi átt að skipa henni í 44. flokk í stað 43. flokks, eftir 1. desember 1986, en frá þeim tíma tók gildi ákvæði samkomulags Alþýðusambands Suðurlands og vinnuveitenda um flokkahækkun starfsmanna sem annist lyfjagjöf.

Stefnandi kveður tilraunir stéttarfélags síns til að fá starfskjör hennar leiðrétt engan árangur hafa borið og sé því mál þetta höfðað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann eigi gjaldfallna en ógreidda vinnulaunakröfu á hendur stefnda og varðandi lagarök er vísað til 1. gr. laga nr. 55/1980.

Stefndi gerir aðalkröfu um frávisun málsins frá héraðsdómi og var málið flutt munnlega um frávisunarkröfuna hinn 14. febrúar sl. og kemur hún ein hér til álita.

Stefndi byggir kröfu sína á því að mál þetta fjalli um ágreining um túlkun á nefndum kjarasamningi og sé ágreiningurinn varðandi grein 1.2. þar sem

talað er um 42. launaflokk, starfsmenn sem annast lyfjagjöf og grein 1.4.2. um túlkun á heimilisstörfum. Félagsdómur sé sérdómstóll sem dæmi í mál- um varðandi ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga. nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávisunarkröfu stefnda og krafðist þess að henni væri hrundið. Hann benti m.a. á að það væri hin almenna regla, að öll mál mætti leggja undir hinn almenna dómstól og undantekningar frá þeirri reglu bæri að skýra þröngt. Jafnframt vísaði hann til dómvenju í þessu sambandi.

Niðurstaða.

Ljóst er að mál þetta fjallar um ágreining um túlkun á kjarasamningi starfsfólks á sjúkrahúsum og dvalarheimilum milli Alþýðusambands og atvinnurekanda. Ágreiningurinn er um túlkun á grein 1.2. þ.e. hverjir séu starfsmenn sem annist lyfjagjöf og grein 1.4.2. þ.e. túlkun á heimilisstörf- um. Verkefni dómstólsins er þannig að skera úr um hvernig skilja eigi eða túlka viðkomandi ákvæði kjarasamningsins. Sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, er það verkefni Félagsdóms m.a. að dæma í málum er rísa út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Skv. 47. gr. sömu laga skulu mál ekki flutt fyrir almennum dómstólum er reka má fyrir Félagsdómi. Ennfremur segir í 68. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einka- mála í héraði að telji dómari að sakarefni eigi að sæta úrlausn annars dóm- stóls skuli hann vísa máli frá dómi.

Þrátt fyrir að viðurkennd sé dómvenja um túlkun almennra dómstóla á ákvæðum kjarasamninga við úrlausn launamála verður með vísan til þeirra ákvæða laga er að ofan greinir sem og þess að í máli þessu er gerð sérstaklega krafa um frávisun að vísa máli þessu frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.